

---

## Jafnréttisáætlun Rimaskóla

---

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/ 2008 ber öllum fyrirtækjum og stofnunum sem hafa fleiri en 25 starfsmenn að setja sér jafnréttisáætlun. Markmiðið með lögunum er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir eiga að hafa jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni.

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 er lögð áhersla á að allir fái að þroskast á eigin forsendum, geti ræktað hæfileika sína og lifað ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í þeim tilgangi að kenna nemendum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar og forréttinda.

Stefna Rimaskóla í jafnréttismálum fjallar jafnt um nemendur sem starfsmenn. Í Rimaskóla er lögð áhersla á að vinna markvisst að jafnréttisfræðslu og vinni gegn neikvæðum staðalímyndum kynjanna.

Samskipti einstaklinga eiga að grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi, sem er forsenda þess að hverjum og einum líði vel. Gagnkvæmt traust og jákvæð og uppbyggileg samskipti móta framar öðru góðan starfsanda.

Skólastarf í anda jafnréttis tekur mið af mismunandi hæfileikum fólks. Því er haft að leiðarljósi í skólastarfi Rimaskóla að tækifæri nemenda og starfsfólks byggji fyrst og fremst á hæfileikum og færni hvers og eins.

Mikilvægt er að nemendur og þeir sem starfa við skólann hafi jafnan rétt til að hafa áhrif á skólastarfið, stefnumótun og ákvarðanatöku og skal reynt að tryggja það með sem bestum hætti.

### ÁBYRGÐ

Skólastjóri ber ábyrgð á jafnréttis sé gætt í hvívetna og sér til þess að jafnréttisáætlun skólans sé til staðar og endurskoðuð með reglulegu millibili.

### STARFSMENN

Í stjórnarskrá lýðveldisins stendur að „allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, kynhneigðar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna“. Allir starfsmenn eiga að geta komið skoðunum sínum á framfæri og virðing skal borin fyrir ólíkum skoðunum.

Konur og karlar skulu fá greidd jöfn laun fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Allir skulu eiga sömu möguleika á endurmenntun og starfsþjálfun. Einnig eiga allir að hafa sömu möguleika á stöðuhækkunum og stöðubreytingum.

Jafnréttissjónarmið skulu vera höfð að leiðarljósi til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið þegar ráðið er í störf. Reynt skal að halda fjölda starfsmanna af hvoru kyni sem jöfnustu að því gefnu að umsækjendur séu jafn hæfir.

Í reglugerð nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustað stendur (3. gr) að einelti sé „ámælisverð eða siendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist

að. Kynferðisleg áreitni og annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir. Hér er ekki átt við skoðanaágreining eða hagsmunaárekstur sem kann að rísa á vinnustað milli stjórnanda og starfsmanns, eða tveggja eða fleiri starfsmanna, enda leiði slíkur skoðanaágreiningur eða hagsmunaárekstrar ekki til þeirrar háttsemi sem lýst er hér að framan.”

Í Rimaskóla ber skólastjóri ábyrgð á því að kynferðisleg áreitni viðgangist ekki í skólanum og meðferð slíkra mála er í hans höndum.

## **NEMENDUR**

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eru skýr ákvæði um að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. sé lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Áherslu ber að leggja á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika.

Haft er að leiðarljósi að kynin taki sem jafnastan þátt í öllu skólastarfi. Í skólanum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ýmsir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks. Sem dæmi má nefna aldur, fötlun, kyn, kynhneigð, litarhátt, menningu, skoðanir, trúarbrögð, tungumál, fjölskylduaðstæður og uppruna.

Lögð er áhersla á að nemendur læri að þekkja og tjá tilfinningar sínar. Öll vinna nemenda skal vera í anda jafnréttis þar sem lögð er sérstök áhersla á að nemendur rækti með sér samkennd, samhyggð og virðingu fyrir skoðunum, tilfinningum og lífsgildum annarra. Nemendur eiga að hafa jafnrétti að leiðarljósi í öllum samskiptum.